



Leikskólinn Hæðarból
Gardabæ



Þróun leikskólakennslu

með áherslu á að nýta sérhæfða fagþekkingu leikskólakennara

Þróunarverkefni unnið skólaárið 2018-2019

Áfangaskýrsla

Ábyrgðamaður verkefnisins:
Sigurborg Kristjánsdóttir leikskólastjóri

Leikskólinn Hæðarból, maí 2019

Inngangur:

Í upphafi er vert að gera örstutta grein fyrir bakgrunni þess að ráðist var í þróunarverkefnið „*Þróun leikskólakennslu með áherslu á að nýta sérhæfða fagþekkingu leikskólakennara*“ sem hlaut styrk úr Þróunarsjóði leikskóla í Garðabæ vorið 2018.

Þegar verkefnið fór af stað haustið 2018 voru sjö leikskólakennarar starfandi við uppeldi og kennslu, þrjú þroskaþjálfar auk annarra vel menntaðra og reynslumikilla leiðbeinenda. Þessi öflug og metnaðarfulli hópur í leikskólanum Hæðarbóli býr yfir mikilli sérfræðiþekkingu og margir búa yfir sérhæfingu sem hefur ekki nýst sem skyldi öllum börnum jafnt vegna staðsetningar barna og kennara á deildum. Foreldrar höfðu t.d. haft áhyggjur af því að barnið þeirra fengi ekki sömu tækifæri til náms og jafnaldrar á annarri deild vegna þessa. Í ljós umræðunnar varð til hugmynd að þessu yfirgripsmikla þróunarverkefni sem hefur áhrif á og tekur í raun til alls leikskólastarfsins.

Verkefnið var kynnt fyrir fulltrúum í foreldraráði leikskólans og fékk það mjög góðar undirtektir og talaði ráðið fyrir og studdi verkefnið að fullu, en án atbeina þeirra hefði verkefnið orðið nokkuð máttlítið. Þess ber að geta að áhersluþættirnir sem hafa verið teknir fyrir í verkefninu síðastliðinn vetur hafa einnig hríslast að miklu leiti í skólanámskránni okkar undanfarin ár, þó ekki á eins markvissan og sýnilegan hátt líkt og nú.

Tilgangurinn með þessari áfangaskýrslu er að gera grein fyrir framvindu þróunarverkefnisins nú þegar fyrsta skólaárinu er lokið og af því tilefni er eftirfarandi samantekt sett fram.

Markmið verkefnisins:

Yfirmarkmið verkefnisins er að þróa leikskólastarfið okkar í leikskólanum Hæðarbóli á þann hátt að nýting mannauðs og sérhæfðar fagþekkingar verði háværkuð í samþættu skapandi starfi og leik barnanna. Í þessu felst að sýna kennurum og börnum og hæfileikum þeirra takmarkalausa viðurkenningu og virðingu á kærleiksrikan hátt - í anda stjórnunarfræða um *Þjónandi forystu* og í anda Uppbyggingarstefnunnar sem við störfum dyggilega eftir, þ.e. *Uppeldi til ábyrgðar*.

Við kennarnir settum okkur vegvísi í þessum anda sem á við um allt starfið og skipar heiðursess á hverjum tímaseðli sem kennarar hanna sem umgjörð um námsþáttinn/þættina sem þeir sinna. Vegvísirinn tengist beint þörfum okkar og gildum leikskólans og er á þessa leið: „Að þarfirnar okkar allra; öryggi og umhyggja, áhrif og lýðræði, gleði og frelsi svífi yfir vötnum í öllum vinnustundum. Þetta felur í sér að börnin gangi glöð, örugg og frjáls að verki, hafi val um hvernig þau útfæra viðfangsefnið og taki ábyrgð á sjálfu sér.“

Síðast en ekki síst er jafnrétti til náms einn áhersluþátturinn sem framangreind markmið byggja á því öll börn óháð deild fá tælifæri til þess að þroskast, rækta hæfileika sína og nema ákveðna námsgrein á eigin forsendum í gegnum leik með jafnöldrum sínum.

Leiðir:

Í ljósi framangreindra markmiða höfum við skipulagt umgjörð starfsins þannig að börn og kennara flæða með skipulögðum hætti milli deilda. Með því er kennurum gert kleift að fást við þann námsþátt sem þeir eru sterkastir í og brenna mest fyrir og öll börnin fá að njóta þess besta í námi og leik. Áhersluþættir í starfi faggreinakennaranna, sem jafnframt eru verkefnastjórar hver á sínu sviði, eru á bernskulæsi, spil og leiki, stærðfræði og rúmshyggju, lífsleikni, heimspeki með börnum, tónmennt og kórastarf, íþróttir ásamt skapandi starfi og vísindum. Þess má geta að spil og leikir bættust við á lokametrum undirbúningsins haustið 2018 og heimspeki með börnum bættist svo í hópinn á vormisseri 2019. Nánar má kynna sér hvern áhersluþátt í greinaflokki sem verkefnastjórar skrifuðu og fengu birtan í Garðapóstinum á nýliðnu vormisseri.

Nánari útfærslu er þannig háttað að allir kennarar útbúa tímaseðla um þann námsþátt sem þeir sinna. Tímaseðillinn er þannig umgjörð um þau verkefni sem takast á við í hverri vinnustund, markmið og leiðir auk tóla og tækja sem eru í boði. Leitast er við að hafa umgjörðina sveigjanlega þannig að hún taki mið af og lagi sig að börnunum, áhugasviði þeirra og sterkum hliðum. Þannig er tryggt að börnin þurfi ekki að aðlaga sig einhliða að umgjörðinni þannig að það komi niður á gleðinni og fjölbreytileikanum í barnahópnum.

Með því hagræði í skipulagi sem verkefnið skapaði var einnig hægt að hafa færri börn í hverjum aldursskiptum hóp en ella. Þannig eru 4-7 börn í hverjum hóp, flest í elsta árgangi og fækkar svo með lægri aldri barnanna. Húsnæðið nýtist einnig mun betur en áður og helgast það m.a. af því að öll rými eru notuð, t.d. er lítið sérkennsluherbergi skólans nýtt fyrir spil og leiki, í matsal er stærðfræðistöð og einnig eru hverju sinni allmörg börn í íþróttum og leikjum úti. Útisvæðið og nánasta umhverfi er því nýtt mun betur og börn og kennarar dreifast betur í litlum hópum um húsið og hafa kennarar talað um mun betri hljóðvist í kjölfarið.

Hver kennari er með sína kennslu/leikstofu sem hann mótar í samspili við börnin og birtingarmynd stofunnar endurspeglar þann námsþátt sem þar fer fram. Kennararnir sem sjá um kennsluna eru sérfræðingar í því að nýta frjálstan og skipulagðan leik til þess að koma áherslum sínum í gagnid en eins og alþjóð veit læra börn best í gegnum leik.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Ýmis jákvæð frávik urðu frá upphaflegri áætlun, til að mynda fjölguðum við vinnuhópum á þann hátt að á haustmisseri 2018 bættust spil og leikir við og á vormisseri 2019 bættist heimspeki með börnum við dagskrána. Hindranir reyndust litlar og fátíðar, segja má að allir aðilar skólastarfsins, börn, foreldrar, kennarar og stjórnendur hafi lagst á eitt að tryggja verkefninu velgengni.

Mat á verkefninu:

Verkefnið krefst símats og hafa allir málsaðilar komið þar að og metið með reglulegum hætti. Allir fundir hafa að einhverju leiti nýst við matið, ýmist á formlegan sem óformlegan hátt. Þannig má nefna vikulega deildar- og stjórnendafundi, mánaðarlega starfsmannafundi ásamt formlegum fundum verkefnastjóranna átta, sem haldnir voru nokkrum sinnum á misseri eða eftir því sem þörf krafði. Til að fá álit barnanna á þessum breyttu kennsluháttum voru tekin viðtöl við þau og voru þau langflest mjög glöð með vinnustundirnar. Einnig voru gerðar rafrænar kannanir meðal kennara og foreldra þar sem spurt var um skoðanir þeirra á breytingunum. Einnig nýttist könnunin Skólapúlsinn vel við að meta viðhorf foreldra til breyttra starfshátta og hvernig hefði til tekist og skoruðum við þar á flestum sviðum yfir 90% ánægju og er sú niðurstaða afar vel marktæk þar sem yfir 92% foreldra hjá okkur tók þátt.

Þar sem þróunarverkefni er í raun lifandi verkefni þá hafði mat verkefnastjóra m.a. í för með sér að breytingar voru gerðar á barnahópunum, börn t.d. færð til milli hópa til að mæta betur þörfum þeirra. Einnig var vinnustundum fækkað allnokkuð hjá yngsta árgangi og þau allra yngstu sóttu vinnustundir inni á yngstu deildinni á vormisseri, enda jafnaldrar þeirra þar – en sú deild tók að öðru leyti ekki formlega þátt í skipulögðum vinnustundum þó vissulega fari þar fram metnaðarfullt starf sem byggir á sömu námsþáttum og hjá eldri börnunum.

Ráðstöfun styrks:

Laun/verktakagreiðslur:

Verkefnastjórnir kr. 700.000

Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla:

Engin.

Gögn:

Ýmis námsspil kr. 43.314,-

Greiðsla upp í ½ sett af einingakubbum (Unit blocks) ásamt hjólaskáp kr. 256.686.-

Samtals kr. 1.000.000,-

Afrakstur og ávinningur fyrir skólastarf:

Mikill ávinningur er nú þegar af þróunarverkefninu fyrir börn, foreldra og kennara í leikskólanum Hæðarbóli, sbr. niðurstöður mats í kafla hér að framan. Svo dregið sé saman þá ber hvað hæst afar mikil ánægja allra fyrrnefndra aðila og fór niðurstaðan fram úr okkar björtustu vonum! Foreldrar og kennarar hafa ítrekað nefnt að meiri ró sé yfir starfinu, betri hljóðvist, allir ganga að sínu, húsnæðið nýtist að fullu og mikil gleði ríkir meðal barnanna sem birtist m.a. í því að þau reka á eftir foreldrum að drífa sig í skólann svo þau missi ekki af vinnustundum.

Margt hefur verið gert til að gera verkefnið sem sýnilegast. Sem dæmi hafa verkefnastjórnarnir, nú á vormisseri, skrifað vandaðan greinaflokk sem birtist aðra hvora viku í Garðapóstinum. Hver grein, skrifuð af viðkomandi verkefnastjóra, fjallar um ákveðinn námsþátt og hvernig verkefnastjórnarnir hafa nálgast hann í vinnustundunum. Greinaskrifin hafa opnað glugga inní leikskólastarfið okkar og birst sjónum, bæði foreldrum leikskólabarnanna okkar og svo almennings. Við eru þess fullviss að verkefnið eigi eftir að vekja athygli og áhuga og verða öðrum leikskólum til íhugunar og eftirbreytni.

Garðabær í maí 219



